

Ársskýrsla 1999



VINNUMÁLA
STOFNUN

Efnisyfirlit

Opinber vinnumiðlun – þjónusta og eftirlit	3
Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar	4
Starfið í hnotskurn	5
Vinumarkaðurinn á árinu 1999	7
Vinnumiðlun	10
Atvinnuleysistryggingar	13
Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum	15
Alþjóðlegt samstarf	18
Ársreikningur Vinnumálastofnunar 1999	20

Opinber vinnumiðlun – þjónusta og eftirlit

Reynslan af kerfisbreytingunum sem áttu sér stað með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar frá árinu 1997 er nú að koma í ljós. Svæðisvinnumiðlanir hafa getað náð miklu betra sambandi við skjólstaðinga sína en áður var og ráðið þeim heilt í starfs- og námsvali. Jafnframt hafa svæðisvinnumiðlanirnar með markvissum hætti byggt upp samstarf við atvinnufyrirtækin í sínum umdæmum. Jákvæðar aðstæður í efnahagslífinu hafa vitaskuld ráð miklu um að hversu vel hefur tekist að miðla störfum til fólks í atvinnuleit – með þeim árangri að atvinnuleysi hérlendis er það minnsta í allri Evrópu.

Ljóst er að tækniframfarir hafa mikil áhrif á þetta svið sem önnur í þjóðfélaginu og nú síðari ár hafa opinberar vinnumiðlanir aukið mjög starfsemi sína á Netinu. Með því móti geta einstaklingar í atvinnuleit skráð sig og leitað eftir atvinnu í sérstökum starfabönkum og fyrirtæki valið úr þá einstaklinga sem þau hafa áhuga á að kalla til viðtals. Vinnumálastofnun er nú um þessar mundir að vinna að því að styrkja þennan þátt þjónustu sinnar og er tíðinda að vænta á næstu misserum. Nauðsynlegt er að viðskiptavinir stofnunarinnar hafi það á tilfinningunni að þjónustufyrirkomulag okkar sé ávallt í takt við nýja tíma og að það sé hraðvirkt og um leið árangursríkt.

Þjónusta opinberrar vinnumiðlunar er veitt án endurgjalds. Fyrirtæki þurfa ekki að greiða fyrir leit okkar að starfsfólki þeim til handa og einstaklingarnir greiða heldur ekkert fyrir milligöngu vinnumiðlunarinnar. Þetta er grundvallaratriði sem tilurð opinberrar vinnumiðlunar byggist á. Röksemdin fyrir aðkomu atvinnuleysistryggingakerfisins að rekstri opinberrar vinnumiðlunar byggist á því að hafa á sömu hendi aðstoð við öflun vinnu til þess sem er atvinnulaus og í atvinnuleit og greiðslu atvinnuleysisbóta meðan á þeirri leit stendur. Milli þessara tveggja þátta er svo skilduvirkni sem hefur verið aukin í síðari tíð.

Við útgáfu atvinnuleyfa fyrir erlent vinnuafli er það




gert að skilyrði að fyrst hafi fyrirtækin samband við svæðisvinnumiðlun í sínu umdæmi sem þá kannar hvort ekki sé að finna einstaklinga á sínum skráum sem hentað gætu í starfið. M.ö.o. eru fyrirtækin krafín þess að leita fyrst eftir þjónustu hinnar opinberu vinnumiðlunar áður en ákvörðun er tekin um útgáfu atvinnuleyfis.

Vitaskuld er það æskilegast og eðlilegast í flestu tilfalli að þeir sem æskja þjónustu hinnar opinberu vinnumiðlunar geri það af fúsum og frjálsum vilja. Á hinn bóginn gegna hinar opinberu vinnumiðlanir samtímis ákveðnu eftirlitshlutverki sem oft getur leitt til þess að taka þarf ákvarðanir sem viðskiptavinurinn er ekki sáttur við. Hér er því um viðkvæman línudans að ræða sem opinberar stofnanir lenda gjarnan í. Til að takmarka núning sem af þessu getur stafað hefur Vinnumálastofnun lagt metnað sinn í að þjálfa starfsfólk sitt vel og skýra vinnubrögð svo þau séu gagnsæ, samræmd og rökbundin. Með þetta að markmiði hefur verið efnt til margvíslegra námskeiða fyrir starfsfólk og gefnar út handbækur bæði um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Allra helst viljum við hjá Vinnumálastofnun vera þekkt af vandaðri og góðri þjónustu og það er okkar höfuðmarkmið.

Í ársskýrslu þessari er starfsemi stofnunarinnar reif-uð í stórum dráttum og greint frá niðurstöðutölum úr ársreikningum sjóðanna sem stofnunin rekur. Eins og sjá má kennir hér margra grasa og það er von okkar að með lestri þessarar skýrslu verði menn nokkru nær um það mikilvæga viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri
september 2000

Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



Þetta skipurit tók gildi 1. september 2000.

Stjórn Vinnumálastofnunar 1997 til 2001 er þannig skipuð:

Hrólfur Ölvisson, formaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Hervar Gunnarsson, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Þórður Ólafsson.

Starfið í hnotskurn

Markmiðið með starfsemi Vinnumálastofnunar er margþætt, en meginmarkmiðið er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu, eins og fram kemur í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Vinnumálastofnun ber að samræma starfsemi svæðisvinnumiðlana og veita starfsfólki þeirra faglega aðstoð og fræðslu, afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, koma ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar, fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana til hlutaðeigandi aðila.

Vinnumálastofnun hefur í samræmi við löginn með hendi ýmis lögfræðileg úrlausnarefni. Þar má nefna umsjón með að Svæðisvinnumiðlanir túlki lög og reglugerðir á samræmdan hátt og að úrskurða um rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta. Þá hefur stofnunin með höndum að ákvarða um veitingu atvinnuleyfa fyrir útlendinga og að úrskurða um rétt aðila til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa.

Í samræmi við löginn var unnið að hefðbundnum verkefnum á sviði vinnumiðlunar og atvinnuleysistrygginga, að vinnumarkaðsaðgerðum af ýmsu tagi og norrænu og evrópsku samstarfi á sviði vinnamála. Nánar er fjallað um þessi verkefni síðar í þessari skýrslu.

Stjórn stofnunarinnar samþykkti á árinu tillögu þess efnis að ráðinn yrði sérfræðingur í vinnumarkaðsrannsóknir með það að markmiði að auka vægi rannsókna á íslenskum vinnumarkaði.

Ýmis verkefni

Vinnumálastofnun tók þátt í og hafði frumkvæði að ýmsum óhefðbundnum og áhugaverðum verkefnum á árinu. Þannig tók Vinnumálastofnun þátt í degi símenntunar, en tilgangur þess átaks var að vekja athygli fólks á gildi menntunar í atvinnulífinu, ekki síst stöðugar menntunar og þjálfunar alla ævi.

Á vegum Vinnumálastofnunar var haldin ráðstefna um jafnrétti í þjónustu norrænna vinnumiðlana 10.-12. mars 1999. Þar var rætt um hvernig gera megri jafnréttisviðhorf að almennri grundvallarreglu í miðlun og ráðgjöf innan þeirra stofnana sem hefðu með þessa þjónustu að gera. Erindi ráðstefnunnar hafa verið gefin út í ritróð Norrænu ráðherranefndarinnar, TemaNord, nr. 1999:568 og nefnist “Ligestilling i arbejdsformidlingen – metoder for at nedbryde kønsbarrierer på arbejdsmarkedet”.

Í tilefni af ári aldraðra var þann 25. október haldin norræn ráðstefna um eldra fólk og vinnumarkaðinn. Markmið ráðstefnunnar var að meta þarfir eldra fólks á vinnumarkaði og vekja umræðu um þörf fyrir stefnu og aðgerðir sem styrkt geta atvinnuþátttöku eldra fólks. Voru þar flutt mörg fróðleg erindi bæði innlendra og erlendra fræðimanna, embættismanna og stjórnmalamanna um þetta efni. Erindin hafa verið tekin saman á Vinnumálastofnun.

Fjármál

Á árinu 1999 varð halli á rekstri Vinnumálastofnunar 9,4 milljónir króna í samanburði við 14,4 milljóna króna tekjuafgang á árinu 1998. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 194,6 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og aðra sjóði, ráð og nefndir 185,6 milljónir. Framlag ríkissjóðs var á árinu 134,2 milljónir. Útgjöld námu 338,2 milljónum króna.

Greiðslur út Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 1.705 milljónir kr., sem er nokkur samdráttur frá fyrra ári, og skýrist af hinu góða ástandi sem ríkt hefur á vinnumarkaði undanfarin ár. Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntunar jukust þó nokkuð, enda er áhersla á þörfina fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu að aukast jafnt og þétt. Í árslok 1999 voru 4.176 milljónir kr. í Atvinnuleysistryggingasjóði, og hefur inneign hækkað um yfir 80% á árinu.


Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 53/1993. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Vinnuálastofnun annast skrifstofuhald og fjárvörslu fyrir sjóðinn í umboði Félagsmálaráðuneytisins.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af ASÍ og VSÍ, og einn skipaður af félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 1999: Sesselja E. Árnadóttir, formaður, Halldór Grönvold og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa jukust nokkuð árið 1999 eftir að hafa minnkað stöðugt nokkur ár þar á undan. Heildargreiðslur Ábyrgðarsjóðsins voru árið 1999 um 215 milljónir, samanborið við um 140 milljónir árið áður og 173 milljónir 1997. Ástæður þessarar útgjaldaaukningar eru einkum nokkur stór gjaldþrot fiskvinnslufyrirtækja á Vestfjörðum. Að öðru leyti voru ekki miklar breytingar á útgjöldum sjóðsins milli ára.

Heildargreiðslur ábyrgðasjóðs launa 1995 til 1999



Vinnumarkaðurinn á árinu 1999

Ástandið á vinnumarkaðinum árið 1999 einkenndist af mikilli eftirspurn eftir vinnuafla enda uppsveifla á flestum sviðum atvinnulífsins líkt og síðustu ár. Samkvæmt vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar fjölgaði starfandi fólki úr um 147.900 manns árið 1998 í um 153.300 manns árið 1999, eða um nærri 3,7%. Þetta er mesta aukning undanfarinna ára að undanskilinni fjölgun milli árana 1997 og 1998. Atvinnuþátttaka 15-64 ára mælist þó svipuð og árin á undan, eða nærri 88%.




Fjölgun í vinnuaflinu er einkum bundin við Höfuðborgarsvæðið, og er það í samræmi við þá fólksfjölgun sem þar hefur orðið. Á Höfuðborgarsvæðinu fjölgaði starfandi fólki úr tæpum 90 þús. í nærri 95 þús. (5%), en á landsbyggðinni úr 58 þús. í tæp 59 þús. (1,5%).

Ef litið er á atvinnugreinar hefur á árinu fjölgað starfandi fólki í flestum þjónustugreinum, en fækkað í flestum iðngreinum, einkum fiskvinnslu. Sú fækkun er nær eingöngu meðal kvenna. Á móti kemur mikil fjölgun í hótél- og veitingastarfsemi sem einkum er meðal kvenna. Þá hefur fjölgað mikið þeim sem starfa í fjármálaþjónustu af ýmsu tagi og fasteignaviðskiptum, einkum þó körlum. Á heildina litið hefur því fjölgun átt sér stað bæði meðal karla (3,9%) og kvenna (3,3%). Fjölgun starfa er að mestu bundið við höfuðborgarsvæðið. Fækkun starfa, einkum þeirra sem konur hafa gegnt að miklu leyti, hefur átt sér stað á landsbyggðinni að stærstum hluta.


Fjölgun starfandi er mest meðal sérfræðinga og fólks í verslunar- og þjónustustörfum þegar litið er á þetta eftir starfsstéttum. Mest áberandi er fækkun ósérhæfðs starfsfólks. Þó ber að hafa í huga að óvenju margt starfsfólk mældist í slíkum störfum árið 1998.

Atvinnuleysi


Atvinnuleysi fór minnkandi á árinu í samræmi við hina miklu eftirspurn eftir vinnuafla og var komið í 1,7% í lok ársins í samanburði við 2,5% í árslok 1998 og




Þróun atvinnuleysis 1997-1999



Þróun atvinnuleysis 1990-1999



Þróun atvinnuleysis 1997-1999



3,8% í árslok 1997. Að jafnaði var atvinnuleysið 1,9% á árinu, samanborið við 2,8% árið 1998 og 3,9% árið 1997. Atvinnuleysi er að jafnaði lægst í lok sumars. Þannig var atvinnuleysi í ágúst og september aðeins 1,4%, sem er það lægsta frá því á árinu 1991. Þetta jafngildir því að að jafnaði hafi 2602 manns verið án atvinnu á árinu 1999.

Atvinnuleysi var meira meðal kvenna en karla á árinu 1999 og er það í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár. Á árinu var atvinnuleysi meðal kvenna að jafnaði 2,7%, en 1,2% meðal karla.

Ekki liggja fyrir atvinnuleysistöður fyrir einstakar atvinnugreinar eða starfsstéttir fyrir árið 1999. Hins vegar má reikna með að tölur sem teknar voru saman fyrir aprílmánuð á árinu 2000 eigi við um árið 1999, enda ekki miklar grundvallarbreytingar á milli ára. Þar kemur fram að atvinnuleysi er í flestum atvinnugreinum í kring um 1 til 2%, að fiskvinnslu undanskilinni, þar sem það er yfir 4%. Ef atvinnuleysi er skoðað eftir starfsstéttum kemur fram að það er almennt um eða innan við 1%. Helsta undantekningin þar á er hjá ósérhæfðu starfsfólki, en þar er atvinnuleysið yfir 5%. Einnig er það hærra meðal skrifstofufólks og þjónustu- og afgangslufólks, um eða yfir 2%.

Atvinnuleysi var sem endranær meira meðal ungs fólks (16-24 ára) heldur en meðal þeirra sem eldri eru. Þannig mældi Hagstofan 4,8% atvinnuleysi meðal ungs fólks í vinnumarkaðskönnun sinni í nóvember 1999, á meðan það mældist aðeins 1% meðal fólks á aldrinum 25-55 ára og 1,7% meðal þeirra elstu. Ekki kemur fram jafn skýr munur eftir aldri í gögnum Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi. Ástæðan er einkum sú að reglur um atvinnuleysisskráningu valda því að ákveðnir hópar ungs fólks sem ekki hafa verið á vinnumarkaði skrá sig í litlum mæli á atvinnuleysisskrá, þó svo þeir hafi hug á að hefja störf, þjóðist þeim starf við hæfi.

Langtímaatvinnuleysi (6 mánuðir eða lengur) var


um 33%, ef miðað er við skráð atvinnuleysi Vinnuálfstofnunar og hafði þá lækkað lítið eitt frá síðustu tveimur árum þar á undan.

Segja má að þeir sem enn voru á atvinnuleysis-skrá á árinu 1999 hafi í mörgum tilvikum verið með skerta hæfni til að taka þau störf sem voru í boði, af félagslegum eða heilsufarslegum ástæðum, ellegar þeir fengu ekki starf við sitt hæfi þar sem þeir voru búsettir. Þá eru sum störf sem í boði eru það illa launuð að fólk veigrar sér við að taka þau og fara af atvinnuleysis-skrá ef það kemst hjá því.


Skortur á vinnuafli

Talsvert var farið að bera á skorti á vinnuafli í ýmsum atvinnugreinum á árinu 1999. Þetta hafði ýmsar afleiðingar í för með sér. Þannig var það þensluhvetjandi, þar sem fyrirtæki buðu launahækkanir og auka-greiðslur af ýmsu tagi í því skyni að laða til sín vinnu-afl. Þá jókst mjög eftirspurn eftir atvinnuleyfum fyrir út-lendinga, enda áttu fyrirtæki oft erfitt með að manna lausar stöður með innlendu vinnuafli. Einkum gilti það um fiskvinnslustörf og ósérhæfð störf af ýmsu tagi. Á árinu voru veitt samtals 3073 atvinnuleyfi fyrir útlend-inga samanborið við 2222 árið áður.


Atvinnuleysi meðal starfsstétta



Atvinnuleysi í nóvember 1999 eftir aldri



Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa



Vinnumiðlun

Hlutverk og skipuleg

Nýtt skipulag vinnumiðlunar í landinu festi sig í sessi á árinu en samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir stjórnar Vinnumálastofnun vinnumiðluninni.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að jafnvægi á milli framboðs og eftirspunar eftir vinnuafli í landinu. Þessu markmiði skal náð með því að Vinnumálastofnun í samvinnu við svæðisvinnumiðlanir og skráningar- aðila atvinnuleysis fylgist með þróun vinnumarkaðarins og gerir tillögur um viðeigandi aðgerðir.

Vinnumálastofnun

Hlutverk Vinnumálastofnunar í vinnumiðlun og vinnu- markaðsmálum er margvísleg. Hún skal hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra og auk þess veita starfsfólki svæðisvinnumið- ana faglega aðstoð og fræðslu. Hún skal afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnu- ástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, vinna úr þeim upplýsingum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar. Þá skal hún fylgjast með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis, miðla upplýsingum þar um til hlutaðeigandi aðila og miðla í samræmi við al- þjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumark- aðinn hér á landi til erlendra aðila.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varafor- maður eru skipaðir án tilnefningar af ráðherra. For- stjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar

Stjórn Vinnumálastofnunar fylgist með þróun vinnu- markaðarins, gerir tillögur til Félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir og gefur ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsað- gerða. Stjórnin er umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn og hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumála- stofnunar. Stjórnin fundar eigi sjaldnar en einu sinni í

mánuði og að auki skal hún halda reglulega samráðs- fundi með hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins ásamt aðilum sem búa yfir sérþekkingu á honum.

Svæðisvinnumiðlanir

Landinu er skipt upp í átta vinnumiðlunarsvæði sem fylgja kjördæmamörkum að mestu, nema hvað höfuð- borgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Svæðisvinnumiðlanir eru starfandi á hverju svæði og stjórna þær vinnumiðlun og öðrum vinnumarkaðsað- gerðum á sínu svæði. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði.

Þau verkefni svæðisvinnumiðlana sem tengjast vinnumiðlun eru af ýmsu tagi. Þær vinna að því að út- vega atvinnurekendum hæft starfsfólk og aðstoða fólk við atvinnuleit. Jafnframt veita þær upplýsingar og ráð- gjöf um starfsval og starfsmenntun og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun eftir því sem við á. Þá tekur svæðisvinnumiðlun saman og miðlar upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðis- ráðs og Vinnumálastofnunar.

Svæðisráð

Níu manna ráðgjafarnefnd, svæðisráð, er skipuð af Fé- lagsmálaráðherra í tengslum við hverja svæðisvinnu- miðlun. Svæðisráðið er skipað þremur fulltrúum sam- taka atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum samtaka launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélagsins og einum fulltrúa framhaldsskóla. Ráðherra skipar for- mann og varaformann úr þessum hópi. Forstöðumað- ur svæðisvinnumiðlunar situr fundi svæðisráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Svæðisráðið fylgist með stöðu atvinnumála á sínu svæði og kemur með tillögur um vinnumarkaðsaðgerð- ir sem það beinir til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveit- arfélaga, fyrirtækja eða annarra eftir því sem við á. Svæðisráð aðstoðar svæðisvinnumiðlun í að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, til dæmis með því að fá aðila til samstarfs um úrræði. Að minnsta kosti einu sinni á ári gefur svæðisráðið stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og ár-

angur vinnumarkaðsaðgerða á sínu svæði. Svæðisráð fundar eftir þörfum en að jafnaði einu sinni í mánuði.

Árangur af vinnumiðlunarstarfinu

Erfitt er að meta árangur af vinnumiðlunarstarfinu og þátt þess í minnkandi atvinnuleysi. Á skrá vinnumiðlunar komu samtals 10.890 manns um land allt á árinu 1999. Af þeim voru afskráðir 8.132. Afskráðir eru því um 75% af öllum sem komu á skrá. Þetta verður að teljast góður árangur, þó ekki sé hægt að meta hve miklu skipti sú starfsemi sem unnin er við vinnumiðlun. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið svipað og yfir landið í heild, en fór hæst á Vesturlandi, í 85% og 82% á Suðurnesjum.

EES-Vinnumiðlun

EURES (EUropean Employment Services), er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-Vinnumiðlun. Tveir evróráðgjafar starfa nú við EES-vinnumiðlunina og hefur hún starfsaðstöðu í húsinu Fjörður í Hafnarfirði. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru auk þess starfandi tengiliðir sem veita nánari upplýsingar um þjónustuna.

Um 500 evróráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Þetta samskiptanet tengir saman opinberar vinnumiðlanir á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu.

Evróráðgjafarnir hafa sérfræðipækkingu í atvinnuárum á Evrópska efnahagssvæðinu og veita auk þess upplýsingar um ýmis önnur málefni eða vísa til viðeigandi sérfræðinga, m.a. um almannatryggingar og heilsugæslu, skattamál, menntamál, starfsþjálfunartækifæri, samburð á starfsréttindum, framfærslu og húsnæðiskostnað og ýmis hagnýt heimilisföng.

Á árinu 1999 voru skráð samskipti við atvinnuleitendur 3.521, við atvinnurekendur 701 og 1.002 við ýmsa aðra aðila. Umsóknir frá EES-borgurum sem fóru um hendur evróráðgjafa voru 645. Fjöldi samskipta við atvinnuleitendur jókst um rúm 80% og fjöldi samskipta við atvinnurekendur meira en þrefaldaðist.

Veruleg breyting varð á árinu að því leyti sem fyrirspurnum frá Íslendingum um störf í öðrum EES-löndum fækkaði, en atvinnuleitendum frá öðrum EES-löndum fjölgaði mikið.

Vinnuafliþörf íslenskra fyrirtækja fór mjög vaxandi. Á öllu árinu voru tæplega 200 auglýsingar vegna liðlega 500 starfa settar í sameiginlegan gagnagrunn EURES-kerfisins í Brussel, nær fimmfalt fleiri en árið 1998. Störfín voru í öllum greinum, fjölbreyttari en áður. Þar á meðal voru auglýsingar eftir smiðum, forriturum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, auk starfa í landbúnaði og sjávarútvegi.

Alls voru 278 EES-borgarar ráðnir gegnum EES-Vinnumiðlun til íslenskra atvinnurekenda, en það eru nær þrefalt fleiri en árið áður, auk þess voru einhverjar ráðningar sem ekki voru skráðar. Fyrirspurnir bárust frá flestum EES-landanna, en milli 70-80% fyrirspurna er frá hinum Norðurlöndunum og á það líka við um ráðningar. Vitað var um 52 Íslendinga sem fóru til vinnu í öðrum EES-löndum árið 1999, sem er fækkun frá fyrra ári.

Einnig er veitt ráðgjöf þeim sem koma í atvinnuleit eða fara utan með vottorð E-303, sem veitir rétt til að flytja atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði milli EES-landa. Alls fóru 60 í slíka leit frá Íslandi og 58 komu í atvinnuleit til Íslands með atvinnuleysisbætur sem baktryggingu. Einnig fá margir EES-borgarar sem hafa verið í vinnu á Íslandi vottorð 301 sem staðfestir að iðgjald atvinnuleysistryggingar hefur verið greitt vegna starfa þeirra hér á landi og flytja þeir réttinn með sér. Á sama hátt fluttu 24 slíkan rétt til Íslands.

EES-Vinnumiðlun tók átt í sameiginlegri kynningu Evrópusambandstengdra skrifstofa á Íslandi í Þjóðarbókhöðunni. Þá var EES-Vinnumiðlun kynnt í sam-

Yfirlit um starfsemi EES-Vinnumiðlunar

Fjöldi samskipta við atvinnuleitendur	3.521
Fjöldi samskipta við aðra aðila	1.002
Fjöldi samskipta við vinnuveitendur	701
Fjöldi umsókna að utan	645
Fjöldi íslendinga ráðnir í vinnu á EES, utan Íslands	52
Fjöldi EES-borgara ráðnir á vegum EES-Vinnu.	278

vinnu við Svæðisvinnumiðlun Vesturlands á atvinnu-vegasýningu í Stykkishólmi. Þá voru haldnir fundir með atvinnurekendum og verkalyðsfélögum á Norður-landi eystra og vestra í samvinnu við svæðisvinnumið- anir þar.

Atvinnuleyfi útlendinga

Árið 1999 einkenndist af mikilli þenslu á vinnumarkaði sem hafði í för með sér umtalsverða aukningu í veit-ingu atvinnuleyfa. Eftirspurn eftir erlendu vinnuaflí hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1995 og hafa aldrei verið veitt jafn mörg atvinnuleyfi og árið 1999 enda at- vinnuleysi í algjöru lágmarki og mikið um hverskyns verklegar framkvæmdir.

Aukning átti sér stað í öllum flokkum atvinnuleyfa eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Á árinu 1999 voru veitt alls 1271 ný tímabundin atvinnuleyfi á móti 1119 árið 1998. Athygli vekur mikil aukning milli árana 1998 og 1999, á fjölda veittra atvinnuleyfa vegna út- lendinga sem skipt hafa um vinnustað. Ástæðuna má að hluta til rekja til þess að nokkur fyrirtæki þar sem stór hópur útlendinga starfaði, hættu rekstri á árinu og fengu þeir leyfi til að flytja sig til annarra fyrirtækja. Í öðrum tilvikum er um að ræða útlendinga sem eru sestir hér að og hefur útgáfa á atvinnuleyfi hjá nýjum atvinnurekenda verið heimiluð bæði með vísan til vinnuafllsskorts og tengsla útlendinga við landið. Þá hefur útgáfa á námsmannaleyfum og leyfum vegna vistráðningar aukist mikið.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfellt átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og


Útgáfa atvinnuleyfa á árunum 1996 til 1999

	1996	1997	1998	1999
Ný tímabundin leyfi	691	875	1.119	1.271
Nýr vinnustaður			188	461
Framlengd tímabundin leyfi	325	465	662	933
Óbundin atvinnuleyfi	154	162	193	275
Atvinnurekstrarleyfi	4	6	1	11
Námsmannaleyfi	29	44	50	96
Vistráðningarleyfi	3	8	9	26
Samtals	1.206	1.560	2.222	3.073


hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Alls voru gefin út 275 óbundin atvinnuleyfi árið 1999 á móti 193 árið 1998. Þessa miklu aukningu í útgáfu óbund- inna leyfa má rekja aftur til árana 1995 til 1997 þeg- ar eftirspurn eftir erlendu vinnuaflí fór að aukast. Þeir hópar sem þá komu til landsins og hafa í lengst hér uppfylla nú orðið skilyrði til að geta öðlast óbundið at- vinnuleyfi. Sem fyrr eru flest tímabundin leyfi veitt vegna Pólverja, eða alls 993 og 104 óbundin leyfi. Aðrar þjóðir sem skera sig úr eru Filippseyingar, Tæl- endingar og Júgóslavar.

Flest tímabundin atvinnuleyfi voru veitt vegna starfa fyrir ófaglært vinnuafl. Vegna starfa við fisk- vinnslu voru veitt 665 leyfi en þar er um að ræða fækkun frá árinu 1998 en þá voru þau 756. Leyfi vegna almennra verkamannastarfa og við verslun og þjónustu voru 294 en 228 árið áður. Eftirspurn eftir er- lendu vinnuaflí til starfa þar sem krafist er iðnmennt- unar, tækniþekkingar eða annarskonar sérþekkingar jókst einnig á síðastliðnu ári. Þannig fjölgaði atvinnu- leyfum vegna starfa við hugbúnaðargerð og upplýsingatækni úr 12 í 22 eða um meira en 80%.

Algengasta ríkisfang Tímabundin atvinnuleyfi



Algengasta atvinnugrein Tímabundin atvinnuleyfi



Atvinnuleysistryggingar

Eitt megin hlutverk Vinnumálastofnunar er umsýsla atvinnuleysistrygginga landsmanna. Til að sinna því hlutverki er starfandi net svæðisvinnumiðlana, skráningarstaða og úthlutunarnefnda um land allt.

Svæðisvinnumiðlanir annast skráningu atvinnulausra ásamt skráningarstöðum og hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar. Skulu þær miðla upplýsingum til úthlutunarnefnda um atvinnulausa og jafnframt tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að umsækjendur um atvinnuleysisbætur uppfylli ekki áðurnefnd lagaskilyrði.

Afgreiðsla umsókna um atvinnuleysisdagpeninga fer einnig fram á svæðisvinnumiðlunum utan höfuðborgarsvæðisins, en þar fer afgreiðslan fram hjá Eflingu og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Afgreiðslunni er stjórnað af úthlutunarnefndum á hverju svæði. Tvær úthlutunarnefndir eru þó starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Þá er sérstök úthlutunarnefnd vegna Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og fer afgreiðsla umsókna fram á skrifstofu Vinnumálastofnunar.

Tilkynningar um hópuppsagnir eiga að berast til viðkomandi svæðisvinnumiðlunar og á hún að bregðast við afleiðingum þeirra með úrræðum samkvæmt ákvörðun svæðisráðs.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, en sá sjóður er ætlaður bændum, vöru- bifreiðastjórum og smábátaeigendum.

Atvinnuleysistryggingasjóður


Atvinnuleysistryggingasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og síðari breytingum á þeim. Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af ýmsum aðilum í atvinnulífinu og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 1997 til 2001 skipa Þórður Ólafsson, formaður, Ellert Eiríksson, Erna Hauksdóttir, Guðmundur Þ Jónsson, Hervar Gunnarsson, Jón H. Magnússon Jón Rúnar Pálsson, Páll Halldórsson og Sigríður Kristinsdóttir.


Sjóðurinn hefur einkum tekjur af tryggingagjaldi. Þær voru á árinu 1999 3.818 milljónir króna, samanborið við 3.422 milljónir árið 1998. Fjármunatekjur eru einnig umtalsverðar, eða 139 milljónir, en voru 72 milljónir árið áður.

Minna atvinnuleysi var á árinu 1999 en árið áður og voru greiðslur úr sjóðnum í atvinnuleysisbætur því talsvert lægri á árinu 1999, eða 1.706 milljónir á móti 2.263 milljónir árið 1998. Greiðslur vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur hækkuðu umtalsvert, úr 13 milljónum í 33 og einnig hækkuðu greiðslur til starfsmenntaráðs úr 51 milljón í 59. Hins vegar lækkuðu framlög til átaksverkefna sveitarfélaga umtalsvert, úr 74 milljón-

Tekjur af tryggingagjaldi og greiðslur atvinnuleysisbóta



Ýmsir útgjaldaliðir, aðrir en greiðslur atvinnuleysisbóta



um í 31 og ýmis önnur framlög og styrkir lækkuðu einnig, úr 23 milljónum í 18.


Eignir sjóðsins voru í árslok 1999 um 4.176 milljónir króna og höfðu þá aukist úr um 2.313 milljónum frá ársbyrjun.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 46/1997. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins árið 1999 var þannig skipuð: Árni Gunnarsson, formaður, Leifur Eysteinnsson, Örn Pálsson, Unnur Sverrisdóttir og María Hauksdóttir.

Tekjur sjóðsins eru einkum af atvinnuþryggingargjaldi sjóðfélaga, eða um 18 milljónir, en fjármunatekjur eru einnig umtalsverðar, eða um 14 milljónir. Greiðslur atvinnuleysisbóta námu um 13 milljónum.



Aðgerðir í vinnumarkaðsmálum


Vinnumálastofnun hefur með höndum ýmsar aðgerðir sem eiga að stuðla að því að auðvelda fólki að komast út á vinnumarkaðinn. Auk starfsleitaráætlunar eru úrræði af ýmsum toga, bæði starfstengd úrræði og úrræði sem tengjast þjálfun og menntun. Verður hér gefið yfirlit yfir það helsta á þessum vettvangi árið 1999.

Starfsleitaráætlun

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 skal svæðisvinnumiðlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan 10 vikna frá skráningu. Áætlunin er fyrst og fremst aðferð til að aðstoða hinn atvinnulausa við að leita kerfisbundið að vinnu og miðast við persónulegar forsendur hans. Starfsleitaráætlun er jafnframt tengd sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði.

Um er að ræða þrjár megingerðir starfsleitaráætlana. **Starfsleit 1** er samningur á milli svæðisvinnumiðlunar og atvinnuleitanda til 2-4 mánaða um hvernig atvinnuleit hans skuli háttáð næstu mánuði og hvort og þá hvaða úrræðum hann ætlar að taka þátt í. **Starfsleit 2**, sem venjulega er gerð að loknum gildistíma starfsleitar 1 eða eftir 4-6 mánaða atvinnuleysi, er áætlun um hvað atvinnuleitandinn ætlar að gera í atvinnuleit sinni og þátttöku hans í úrræðum á gildistíma áætlunarinnar. Fleiri möguleg úrræði eru í boði heldur en í tengslum við starfsleit 1. **Starfsleit 3**, sem að jafnaði er gerð eftir 10-12 mánaða atvinnuleysi, snýst um sérstaka greiningu og sérstök úrræði til að leysa vanda atvinnuleitandans. Atvinnuleitendur skila reglulega yfirlit yfir framgang starfsleitaráætlunar.

Eðlilega er mest um áætlanir sem falla undir



starfsleit 1, en þær voru samtals 3108 á landinu öllu á árinu 1999. Innan við 500 áætlanir voru gerðar sem falla undir starfsleit 2 og ríflega 300 undir starfsleit 3. Hafa þeir í huga þegar litið er á fjölda starfsleitaráætlana að sumir atvinnuleitendur hafa gert fleiri en eina starfsleitaráætlun.

Nokkur munur er á útfærslu og framkvæmd starfsleitaráætlana milli svæðisvinnumiðlana. Á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra er í meira mæli notuð hópráðgjöf við gerð starfsleitaráætlana en annars staðar eru nær eingöngu gerðar áætlanir með einstaklingsráðgjöf.

Á árinu 1999 voru 2952 manns afskráðir með starfsleitaráætlun.

Úrræði

Eitt verkefna svæðisvinnumiðlunar er að sjá til þess að hver og einn atvinnuleitandi eigi kost á úrræðum sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu hans og starfsmöguleika. Úrræðin miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins atvinnuleitanda og bjóðast eingöngu í tengslum við starfsleitaráætlanir. Framboð og fjölbreytni þeirra úrræða sem atvinnuleitanda gefst kostur á að taka þátt í eykst í samræmi við það hve lengi hann hefur verið skráður atvinnulaus hjá svæðisvinnumiðlun. Þannig er gert ráð fyrir að í tengslum við starfsleit 1 séu færri úrræði en í tengslum við starfsleit 2 og 3.

Námsúrræði

Í tengslum við starfsleitaráætlun og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur atvinnuleitandi stundað nám á dagvinnutíma og fengið óskertar eða skertar atvinnuleysisbætur á sama tíma í samræmi við reglur þar um. Almennt séð er um að ræða styttra nám og námskeið og starfsnám sem ekki er lánshæft nám af hálfu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í tengslum við námsúrræði gera svæðisvinnumiðlun og atvinnuleitandi með sér námssamning þar sem fram kemur m.a. hvaða nám atvinnuleitandinn mun stunda, skuldbinding um ástundun og upplýsingaskyldu atvinnuleitanda til svæðisvinnumiðlunar um framvindu námsins.

Um er að ræða þrjár mismunandi gerðir námsúr-
ræða; nám í eina önn með starfi, nám í allt að þrjá
mánuði og starfsnám í 1-2 annir.

Á árinu nýttu 9 manns sér þennan möguleika.

Starfsúrræði

Svæðisvinnumiðlanir hafa heimild til að bjóða atvinnu-
leitanda sem uppfyllir ákveðin skilyrði upp á starfsúr-
ræði sem hefur það að markmiði að auka starfsgetu og
starfsmöguleika hans. Svæðisvinnumiðlun og atvinnu-
leitandi gera með sér samning þar sem fram kemur
m.a. um hvaða starf er að ræða, skyldur og réttindi at-
vinnuleitanda og ákvæði um mat og eftirlit svæðis-
vinnumiðlunar á starfsúrræðinu. Um þrens konar
form starfsúrræða er að ræða; starfskynningu, starfs-
þjálfun og reynsluráðningu.

Í starfskynningu heldur atvinnuleitandinn atvinnu-
leysibótum sínum en í starfsþjálfun og reynsluráðn-
ingu fer hann af atvinnuleysissskrá og vinnuveitandinn
fær greitt sem nemur bótahlutfalli atvinnuleitandans.

Starfskynningarúrræðið var ekki nýtt á árinu 1999,
en 67 manns fóru í starfsþjálfun og 7 í reynsluráðn-
ingu.

Ýmis úrræði

Önnur úrræði sem nýtt voru á árinu 1999 voru af
ýmsum toga en sem dæmi þar um má nefna: MFA-

skólinn, sjálfstyrkingarnámskeið, ýmis konar tölvu-
námskeið, vinnuklúbbur, starfsleitarnámskeið, nám-
skeið fyrir eldri borgara, menntasmiðja kvenna og
starfslokanámskeið. Öll þessu úrræði voru mikið not-
uð, ekki síst sjálfstyrkingarnámskeið og tölvunám-
skeið. Heildarfjöldi þeirra sem nýttu sér úrræði af
þessum toga var 895 manns.

Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana


Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að styrkja
sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana.
Verkefni þurfa að vera skýrt afmörkuð og tímabundin
og mega ekki vera í samkeppni við aðila í hliðstæðum
atvinnurekstri á landsvísu. Þá skulu þau unnin innan
umdæmis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar og nota
skal vinnuafli af atvinnuleysissskrá þess umdæmis.

Styrkhæf verkefni geta verið af ýmsum toga, t.d.
tímabundin verkefni fyrir atvinnulausa á vegum opin-
berra aðila, stuðningur við atvinnulausa einstaklinga
sem hyggjast stofna fyrirtæki og stuðningur við fyrir-
tæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur endan-
lega ákvörðun um veitingu styrkja að fenginni umsögn
framkvæmdaráðs sjóðsins.

Framlög til þessara verkefna voru um 31 milljón á
árinu 1999. Alls var veittur styrkur til um 180 starfa á
vegum um 60 aðila, en margir sóttu um til fleiri en
eins starfs. Samtals gerðu þessi 180 störf um 55 ár-
sverk. Yfir helmingur styrkjanna rann til sveitarfélaga,
hvort sem litið er til fjölda samþykktra umsókna
(52%), starfa sem sköpuðust (61%) eða ársverk
(57%). Var þar um mjög fjölbreytt verkefni að ræða
s.s. fegrun og gróðursetning, verkefni tengd söfnum
og vinna við íþróttasvæði eða leikvelli. Félagasamtök
voru um 20% af þeim sem fengu styrki en einnig var í
nokkrum tilvikum um að ræða einstaklingar, fyrirtæki
og ýmsa opinbera aðila.

Skipting styrkja á sveitarfélög og aðra aðila



Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum út um land og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft lítill. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Markmiðið með styrkveitingum hefur einkum verið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, að viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auka aðgang kvenna að fjármagni, ekki síst fyrir konur sem stunda starfsemi sem nýtur síður fyrirgreiðslu í hefðbundnum lánastofnunum. Markmiðið er einnig að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Samtals bárust sjóðnum 156 umsóknir á árinu 1999 og fóru úthlutunarir fram tvisvar á árinu. Venjan er þó að úthlutun fari aðeins fram einu sinni á ári. Veittir voru 80 styrkir í verkefni einstaklinga og fyrirtækja, kvennasmiðja og félagasamtaka sem m.a. annast námskeiðahald og fræðslu ýmiskonar, samtals að upphæð kr. 20 milljónir.

Synjanir styrkumsókna eru einkum vegna samkeppnissjónarmiða og einnig að verkefni eru ekki hefðbundin kvennaverkefni. Hefðbundin kvennaverkefni eru annaðhvort í eigu kvenna að undir stjórn kvenna.

Veittir voru styrkir til fjögurra verkefna sem tengjast menntasmiðjum á árinu. Fyrirmynd þessara smiðja er sótt til Menntasmiðju kvenna á Akureyri sem starfrækt hefur verið um nokkurra ára skeið. Menntasmiðja kvenna á Norðurlandi vestra hefur verið sett upp tvisvar og samkvæmt nýútkominni matsskýrslu vegna Menntasmiðju kvenna á Sauðárkróki kemur í ljós að allar atvinnulausar konur sem tóku þátt í menntasmiðjunni skiluðu sér út á vinnumarkaðinn í einhverjum mæli og var það veruleg framför frá því sem áður var.

Starfsmenntaráð

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Það heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær fjárframlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Starfsmenntaráð starfar í nánnum tengslum við Vinnumálastofnun og er starfsmaður af Vinnumálastofnun ritari Starfsmenntaráðs.

Umsóknir um styrki í starfsmenntasjóð hafa aldrei verið eins margar og á árinu 1999. Alls sóttu 77 umsækjendur um styrk vegna 245 verkefna að upphæð kr. 276.757.462. Styrkveiting ársins nam alls kr. 55.750.000 og skiptist upphæðin milli 54 styrkþega eða alls 103 verkefna.

Í tilefni af ári aldraðra lagði starfsmenntaráð sérstaka áherslu á verkefni tengd umönnun aldraðra en alls fóru kr. 7.800.000 í þann málaflokk. Auk þess veitti ráðið kr. 2.000.000 í starfstengd tölvunámskeið til Landssamtaka eldri borgara. Dæmi um önnur verkefni sem styrkt voru á árinu er að kr. 2.000.000 voru settar í verkefni á vegum Menntar til að stofnsetja upplýsingaveitu um starfstengt nám og verkefni um evrópskt samstarf um starfsmenntun fékk einnig kr. 2.000.000.

Alþjóðlegt samstarf

Norrænt samstarf

Norræna vinnumálasamstarfið vinnur nú samkvæmt skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1997. Um er að ræða embættismannanefnd (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, en hlutverk hennar er að vera stefnumarkandi í vinnumálum. Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, er fulltrúi Íslands í nefndinni og gegndi formennsku í henni árið 1999. Undir embættismannanefndina heyra nokkrar fastanefndir, verkefnahópar og samskiptahópar. Íslendingar fóru með formennsku í nokkrum þessara nefnda á árinu 1999.

Þær **fastanefndir** sem heyra undir embættismannanefndina eru þessar:

Nefnd um atvinnu- og vinnumarkaðsmál er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar er fulltrúi Íslands í nefndinni og gegnir þar formennsku árin 1999 og 2000. Meðal verkefna á árinu 1999 voru verkefni um atvinnuleysisdagpeningakerfin á Norðurlöndum, verkefni um úrvinnslu tölfraðilegra gagna á sviði vinnamála og norræn vinnumiðlun, sem fólst í ýmis konar samvinnu um vinnumiðlun milli Norðurlanda. Nefndin stóð fyrir ráðstefnu um eldra fólk og vinnumarkað sem haldin var á Íslandi í október 1999. Verkefni sem hefur verið byrjað á eru meðal annars Vest-norrænt verkefni um faglega hæfni atvinnulausra með tilliti til kröfu atvinnulífsins um vinnuafli á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum.

Nefnd um atvinnulíf og vinnuréttarmál er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Gunnar E. Sigurðsson á Vinnumálastofnun. Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evr-

ópusambandinu og framkvæmd annarra tillagna sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins. Þá hefur ráðningarfyrirkomulag á vinnumarkaði, einkum athugun á umfangi undirverktöku, verið til skoðunar hjá nefndinni.

Aðrar fastanefndir eru *nefnd um vinnuverndarmál* (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins), *nefnd um vinnuverndarrannsóknir* (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins) og *nefnd um innflytjendur*, þar sem Heiða Gestsdóttir lögfræðingur hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands.

Þeir **verkefna- og samskiptahópar** sem tengjast vinnumálasamstarfinu eru þessir:

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu annast samstarf um vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun í atvinnulífinu. Frank Friðrik Friðriksson hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í þessum samstarfshópi og gegnir þar formennsku árin 1999 og 2000. Samstarfshópurinn hefur einkum verið með til skoðunar þjónustu vinnumiðlunar á Norðurlöndum við innflytjendur, símaþjónustukerfi í norrænum vinnumiðlunum, norræna heimasíðu á sviði atvinnuráðgjafar og vinnumiðlunar og gæðastjórnunarkerfi í norrænum vinnumiðlunum.

Starfandi eru tveir samstarfshópar um afmörkuð verkefni á sviði atvinnuleysistrygginga. Um er að ræða *samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar* sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Jóngeir H. Hlinason er fulltrúi Íslands í þessum hópum.

Ennfremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er *NIAL* sem sér um fjölbreytta útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum þess starfshóps eru tímaritin ARBETSLIV I NORDEN og NORDIC LABOUR JOURNAL. Þá undirbýr hópurnir

þátttöku Norðurlanda í *Employment Week* í Brussel á hverju ári. Ólafur Finnbogason er fulltrúi Íslands í starfshópnum.

Sérstök *samskiptanefnd* undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu Norðurlandaráðs auk þess annast hún vinnumálasamskipti við grannsvæði Norðurlanda. Gunnar E. Sigurðsson hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í þessari nefnd.

Forstjórar Norrænna vinnumiðlana hafa með sér samstarf um framkvæmd vinnumiðlunar á Norðurlöndunum og það sem efst er á baugi hjá norrænum vinnumiðlunum.

Nokkur ungmennaskiptaverkefni eru á sviði embættismannanefndarinnar og er þeim stýrt af Norræna félaginu. *Nordjobb* byggir á ungmennaskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna. Á árinu 1999 héldu 137 íslensk ungmenni til starfa á Norðurlöndunum og 108 ungmenni komu til vinnu á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum. *AUSTjobb* er verkefni, sem hófst 1998, þar sem íslenskum ungmönnum er boðið upp á nokkurra vikna sumardvöl í Pétursborg í Rússlandi og í Eystrasaltslöndunum. Sumarið 1999 dvöldu 8 íslensk ungmenni 6 vikur í austurvegi. Verkefnið *Nordpraktik* hefur það markmið að byggja brú milli fyrirtækja og einstaklinga á Norðurlöndum og í NV-héruðum Rússlands og í Eystrasaltslöndunum. Árið 1999 sóttu 11 ungmenni frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen Ísland heim og lögðu stund á starfsþjálfun í fyrirtækjum og stofnunum hér á landi.

Annað alþjóðlegt samstarf

Evrópusambandið stofnaði árið 1982 sameiginlegt upplýsingakerfi um vinnumálastefnu (Mutual Information System on Employment Policies – skammstafað MISEP) og eiga Íslendingar nú aðild að þessu neti. Fundað var tvisvar á árinu 1999 og tók Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, þátt í starfinu fyrir

Íslands hönd. Tilgangur MISEP er að safna upplýsingum um vinnumarkaðsstefnu og mælikvarða einstakra aðildarríkja, þýða þær upplýsingar, samtvinna þær og loks að dreifa þeim á ný til aðildarríkjanna. Þetta er gert til að einfalda vinnumálayfirvöldum einstakralanda daglega ákvarðanatöku og vera Evrópusambandinu til stuðnings við samræmingu starfs einstakralanda og svæða. MISEP gefur út skýrslur um stöðu þessara mála í einstökum aðildarríkum Evrópusambandsins.

Íslendingar taka þátt í starfi nefndar á vegum Evrópusambandsins, um greiningu, rannsóknir og samvinnu á sviði vinnumarkaðs- og atvinnumála (Committee on Analysis, Researches and Cooperation in the Field of Employment and the Labour Market). Starf nefndarinnar felst í að ákvarða rannsóknarverkefni á þessu sviði, afla umsókna um framkvæmd þeirra og úthluta fé til verkefnanna. Nefndinni ber að fylgja eftir framkvæmd verkefna og sjá til þess að rannsóknarniðurstöður séu gefnar út. Gylfi Kristinsson hjá Sendiráði Íslands í Brussel, sat fundi nefndarinnar fyrir Íslands hönd á árinu 1999.

Íslendingar tengdust á árinu Evrópskum samstarfshópi um nýbreytni í atvinnumálum, EWON (European Work Organization Network). Elín Blöndal, deildarstjóri í Félagsmálaráðuneytinu, tók þátt í starfi hópsins auk Ingvars Sverrissonar, lögfræðings á Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun

Ársreikningur 1999

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 tóku gildi tóku gildi 1. júlí 1997 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnumála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.

Á árinu 1999 varð halli 9,4 milljónir króna í samanburði við 14,4 milljónir króna tekjuafgang árinu 1998. Tekjur námu 194,6 milljónum króna, en 83,0 milljónum á árinu 1998. Framlag ríkissjóðs var 134,2 milljónir á móti 242,6 milljónir króna árið 1998. Stjórnin staðfestir hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. september 2000

Í stjórn

Forstjóri Vinnumálastofnunar

Helga Jónsdóttir
Þorgerður Gunnarsdóttir
Jón Þórhildur
Hönnu Þorvaldsson
Þórunn Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Yogi R. Palmor

Ólafur Þorvaldsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Vinnumálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-5. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnumálastofnunar á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun 15. september 1999

Sigurður Þórðarson
 Sigurður Þórðarson, lögg. esk.
 Ríkisendurskoðandi

Reynir Kristjánsson
 Reynir Kristjánsson, lögg. esk.

Rekstrarreikningur árið 1999

Tekjur	Skýr.	1999	1998
Þjónustutekjur	1	185.600.000	83.028.642
Framlög frá ýmsum aðilum.....		<u>9.028.048</u>	<u>0</u>
Tekjur alls		194.628.048	83.028.642
Gjöld			
Rekstur aðalskrifstofu	2	123.924.343	117.853.625
Svæðisvinnumiðlanir.....	3	90.198.683	57.240.414
Atvinnuleysisráning, þjónustusamningar	4	112.895.635	115.122.173
Starfsleit ungs fólks, framlög.....		<u>300.000</u>	<u>3.750.000</u>
Rekstrargjöld samtals		327.318.661	293.966.212
Eignakaup		<u>10.893.816</u>	<u>17.300.368</u>
Gjöld alls		338.212.477	311.266.580
Tekjuafgangur (halli) í reglulegum rekstri		(143.584.429)	(228.237.938)
Framlag úr ríkissjóði		<u>134.200.000</u>	<u>242.607.968</u>
Tekjuafgangur (halli)		<u><u>(9.384.429)</u></u>	<u><u>14.370.030</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir	Skýr.	1999	1998
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.675.154	5.400.266
Ábyrgðasjóður launa		5.807.975	0
Sjóður og bankainnstæður.....		<u>77.082.482</u>	<u>250.287.488</u>
Veltufjármunir samtals		<u>88.565.611</u>	<u>255.687.754</u>
Ríkissjóður.....		<u>44.315.367</u>	<u>0</u>
Eignir alls		<u><u>132.880.978</u></u>	<u><u>255.687.754</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Staða í ársbyrjun.....	5	3.213.836	(11.156.194)
Leiðrétt upphafsstaða v. ríkisreiknings		34.478.852	0
Tekjuafgangur (halli).....		<u>(9.384.429)</u>	<u>14.370.030</u>
Eigið fé samtals		<u>28.308.259</u>	<u>3.213.836</u>
Skammtímaskuldir			
Atvinnuleysisstryggingasjóður.....		4.750.766	146.558.412
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakl.....		69.712.038	58.496.235
Ábyrgðarsjóður launa		0	14.012.294
Lánadrottinnar aðrir		<u>30.109.915</u>	<u>33.406.977</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>104.572.719</u>	<u>252.473.918</u>
Skuldir samtals		<u>104.572.719</u>	<u>252.473.918</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u><u>132.880.978</u></u>	<u><u>255.687.754</u></u>

Sjóðsteymi árið 1999

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	1999	1998
Veltufé frá rekstri			
Tekjuafgangur		(9.384.429)	14.370.030
	Veltufé frá rekstri samtals	(9.384.429)	14.370.030
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur		(6.082.863)	(2.628.782)
Skammtímaskuldir		(147.901.199)	160.910.331
	Breytingar samtals	(153.984.062)	158.281.549
Handbært fé frá rekstri samtals		(163.368.491)	172.651.579
Fjármögnunarhreyfingar			
Framlag ríkissjóðs		(134.200.000)	(242.607.968)
Greitt úr ríkissjóði.....		124.363.485	242.607.968
	Fjármögnunarhreyfingar	(9.836.515)	0
Hækkun á handbæru fé		(173.205.006)	172.651.579
Handbært fé í ársbyrjun.....		250.287.488	77.635.909
Handbært fé í árslok		<u>77.082.482</u>	<u>250.287.488</u>

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hlutastofnunum ríkissjóðs. Þannig eru áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur eru ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi.

Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er framsetning ársreiknings nú í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994 og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996.

Eftirlaunaskuldbinding núverandi og fyrrverandi starfsmanna er ekki færð í ársreikninginn, í samræmi við reikningsskilareglur fyrir A-hluta stofnanir ríkissjóðs. Hún er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Samanburður við fjárheimildir, þús. króna	Rekstur	Fjárheimildir
Framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum	134.200	123.900
Tekjur af þjónustu og önnur framlög	194.628	169.700
Almennur rekstrarkostnaður	(327.318)	(292.600)
Stofnkostnaður	(10.894)	(1.000)
Niðurstaða rekstrar, færast til næsta árs	(9.384)	0

Niðurstaða rekstrar var neikvæð um 9.384 þúsund eins og fram kemur að ofan. Stofnunin á vannyttar fjárheimildir frá fyrra ári kr. 37.692 þúsund. Til næsta árs flytjast því fjárheimildir að fjárhæð 28.308 þúsund. Vinnumálastofnun á inni ógreitt af framlagi ársins kr. 9.837 þúsund krónur. Sú fjárhæð stendur á viðskiptareikningi ríkissjóðs.

1. Þjónustutekjur

Vinnumálastofnun annast þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóð launa, auk Starfsmenntunarsjóðs og úthlutunarnefnda. Með breyttu fyrirkomulagi á vinnumiðlun og greiðslu atvinnuleysisbóta hafa verkefni færst frá sveitarfélögum og sýslumönnum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Umsvif hafa því aukist og stofnaðar hafa verið svæðisskrifstofur víða um land sem annast verkefni. Tekjur frá sjóðunum greinast með þessum hætti á árinu:

Atvinnuleysistryggingasjóður.....	154.500.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einst.....	1.400.000
Starfsmenntunarsjóður.....	2.500.000
Úthlutunarnefndir.....	12.000.000
Ábyrgðasjóður launa.....	<u>15.200.000</u>
	<u>185.600.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu	1999	1998
Laun.....	58.949.684	58.254.375
Launatengd gjöld.....	<u>10.674.274</u>	<u>10.679.891</u>
Laun samtals	69.623.958	68.934.266
Almennur rekstrarkostnaður 1).....	<u>54.300.385</u>	<u>48.919.359</u>
Rekstur aðalskrifstofu samtals	<u>123.924.343</u>	<u>117.853.625</u>

1) Í þessum lið er á árinu 1999 innifalinn kostnaður vegna tveggja ráðstefna sem Vinnumálastofnun stóð fyrir í Reykjavík svo og kostnaður vegna formennsku í tveimur samnorrænum samstarfsnefndum. Á móti koma ennfremur tekjur erlendis frá sem færast undir framlög frá ýmsum aðilum. Tölur eru því ekki samanburðarhæfar við tölur frá fyrra ári.

3. Svæðisvinnumiðlanir	1999	1998
Laun.....	50.459.604	31.004.468
Launatengd gjöld.....	<u>9.434.776</u>	<u>5.500.243</u>
Laun samtals	59.894.380	36.504.711
Almennur rekstrarkostnaður.....	<u>30.304.303</u>	<u>20.735.703</u>
Svæðisvinnumiðlanir	<u>90.198.683</u>	<u>57.240.414</u>

4. Atvinnuleysiskráning, þjónustusamningar

Vinnumálastofnun hefur gert samninga við sveitarfélög og verkalýðsfélög um skráningu á atvinnulausu fólki í atvinnuleit. Greiðslufyrirkomulag er með þeim hætti að föst greiðsla er 10 krónur á hvern íbúa á mánuði, en að auki 70 krónur fyrir hvern heilan atvinnuleysisdag. Séu íbúar skráningarsvæðis færri en 500 er fasta greiðslan 20 krónur í stað 10. Vinnumálastofnun gerði þjónustusamning við Reykjavíkurborg um rekstur vinnumiðlunar til ársloka 1999, en frá þeim tíma sér Vinnumálastofnun um þennan rekstur. Vinnumálastofnun gerði einnig þjónustusamning við Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Suðurnesja um atvinnuleysiskráningu og vinnumiðlun á suðurnesjum og rennur sá samningur út 31. desember 2000.

5. Eigið fé

Breytt skilgreining á framlagi ríkissjóðs leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir nú uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í ársbyrjun 1999 voru gerðar færslur til að ná fram þeirri stöðu og eru þær færðar til leiðréttingar á eigin fé. Í lok ársins 1999 er höfuðstóll stofnunarinnar jákvæður um 28.308 þúsund krónur, en hafði rýrnað um 9.384 þúsund frá fyrra ári.

Þá hefur einnig orðið sú breyting að gerð er sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 1999 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 44.315 þúsund krónum.

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs 1999

Rekstrarreikningur árið 1999

Tekjur	1999	1998
Tryggingagjald atvinnurekenda.....	3.818.315.667	3.421.773.929
Húsaleigutekjur	2.733.460	1.500.350
Aðrar tekjur.....	<u>4.637.328</u>	<u>3.106.635</u>
Tekjur samtals	3.825.686.455	3.426.380.914
 Gjöld		
Atvinnuleysisbætur	1.705.966.673	2.263.249.628
Kjararannsóknarnefnd	24.661.899	20.184.355
Úrræði fyrir atvinnuleitendur	33.060.864	13.553.670
Starfsmenntasjóður	58.521.691	50.968.404
Framlög til sveitarfélaga, átaksverkefni.....	30.730.695	74.167.804
Framlög og styrkir.....	<u>18.105.232</u>	<u>23.360.207</u>
	1.871.047.054	2.445.484.068
Annar kostnaður.....	205.396.897	145.441.646
Afskrift skuldabréfa	0	1.800.000
Sérstök afskrift tryggingargjalds	<u>16.240.572</u>	<u>9.510.273</u>
Gjöld samtals	<u>2.092.684.523</u>	<u>2.602.235.987</u>
 Tekjuafgangur án fjármagnsliða	 1.733.001.932	 824.144.927
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur	<u>138.803.124</u>	<u>72.383.757</u>
 Tekjuafgangur	 <u>1.871.805.056</u>	 <u>896.528.684</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir	1999	1998
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Verðbréf	<u>443.391.492</u>	<u>608.144.856</u>
Langtímakröfur samtals	<u>443.391.492</u>	<u>608.144.856</u>
Fastafjármunir samtals	<u>443.391.492</u>	<u>608.144.856</u>
Veltufjármunir		
Kjararannsóknarnefnd	5.001	2.719.392
Aðrir viðskiptamenn	1.444.083	415.649
Ógreiddir vextir	5.504.944	9.962.103
Álagt óinnheimt tryggingargjald.....	515.269.175	445.818.578
Ríkissjóður	3.205.880.958	1.099.240.435
Sjóður og banki.....	<u>4.750.766</u>	<u>146.558.412</u>
Veltufjármunir samtals	<u>3.732.854.927</u>	<u>1.704.714.569</u>
Eignir alls	<u><u>4.176.246.419</u></u>	<u><u>2.312.859.425</u></u>

Skuldir og eigið fé	1999	1998
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/1	2.222.226.668	1.327.504.400
Leiðr. v. fastafjármuna, bakfærð eignfærsla.....	0	(17.146.484)
Leiðrétting vegna viðskiptareikninga ríkissjóðs	0	200.217
Verðbætur á skuldabréfaeign	19.408.282	15.139.851
Tekjuafgangur	<u>1.871.805.056</u>	<u>896.528.684</u>
Eigið fé samtals	<u>4.113.440.006</u>	<u>2.222.226.668</u>
Skammtímaskuldir		
Innheimtumenn	62.383	11.047.296
Viðskiptamenn, erlendir.....	40.678.634	34.552.780
Viðskiptamenn, aðrir.....	21.010.668	38.557.043
Staðgreiðsla skatta	1.054.728	6.475.638
Skammtímaskuldir samtals	<u>62.806.413</u>	<u>90.632.757</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>4.176.246.419</u></u>	<u><u>2.312.859.425</u></u>

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga 1999

Rekstrarreikningur árið 1999

Rekstrartekjur	1999	1998
Hlutdeild í atvinnuþryggingagjaldi	18.202.288	49.649.923
Rekstrartekjur samtals	18.202.288	49.649.923
Rekstrargjöld		
Atvinnuleysisbætur	12.728.906	17.407.228
Iðgjöld til lífeyrissjóða	734.233	1.555.841
Nefndarlaun og akstur	1.700.629	190.048
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	1.400.000	1.400.000
Rekstrargjöld samtals	16.563.768	20.553.117
Afskrifað ábyrgðargjald	8.414	0
	16.572.182	20.553.117
Hagnaður án fjármagnshreyfinga	1.630.106	29.096.806
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur	14.296.181	0
Fjármagnsliðir samtals	14.296.181	0
Tekjuafgangur	15.926.287	29.096.806

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir	1999	1998
Veltufjármunir		
Álagt óinnheimt atvinnuþryggingagjald	727.105	424.107
Ríkissjóður	27.406.745	24.225.816
Viðskiptareikningur Vinnumálastofnun	69.712.038	58.177.018
Veltufjármunir samtals	97.845.888	82.826.941
Eignir alls	97.845.888	82.826.941
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll 1. janúar	80.894.719	51.797.913
Tekjuafgangur	15.926.287	29.096.806
Lagt í varasjóð	(11.964.171)	0
	84.856.835	80.894.719
Varasjóður	11.964.171	0
Eigið fé samtals	96.821.006	80.894.719
Skammtímaskuldir		
Ógreidd staðgreiðsla skatta	104.349	169.705
Ógreidd iðgjöld lífeyrissjóða	335.640	1.679.059
Annað ógreitt	85.174	83.458
Ógreiddar bætur	499.719	0
Skammtímaskuldir samtals	1.024.882	1.932.222

Nokkrar lykiltölur úr Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 1999

Rekstrartekjur	1999	1998
Ábyrgðagjald skv. lögum 53/1993	133.206.182	126.926.470
Úthlutað úr protabúum	<u>40.595.640</u>	<u>53.649.692</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>173.801.822</u>	<u>180.576.162</u>
Rekstrargjöld		
Laun í gjaldþroti	133.961.178	48.324.928
Orlofslaun	3.882.890	2.131.863
Atvinnuleysisbætur	0	2.554.383
Iðgjöld til lífeyrissjóða	49.666.687	50.618.842
Lögfræði- og innheimtukostnaður	9.844.883	13.944.179
Vaxtaálag á laun og bætur	17.206.365	20.101.343
Skrifstofukostnaður	<u>15.200.000</u>	<u>16.400.000</u>
Rekstrargjöld samtals	229.762.003	154.075.538
Afskrifað ábyrgðargjald	<u>1.196.880</u>	<u>884.528</u>
	<u>230.958.883</u>	<u>154.960.066</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnshreyfinga	(57.157.061)	25.616.096
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur	63.531.160	50.209.588
Tekjuafgangur	<u>6.374.099</u>	<u>75.825.684</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir	1999	1998
Veltufjármunir		
Ríkissjóður viðskiptareikningur	878.029.465	845.573.818
Óinnheimt ábyrgðagjald	20.658.396	19.773.582
Aðrar kröfur	759.854	370.859
Sjóður	<u>0</u>	<u>14.012.294</u>
Veltufjármunir samtals	<u>899.447.715</u>	<u>879.730.553</u>
Eignir alls	<u>899.447.715</u>	<u>879.730.553</u>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1. janúar	875.711.613	799.885.929
Tekjuafgangur	<u>6.374.099</u>	<u>75.825.684</u>
Eigið fé samtals	<u>882.085.712</u>	<u>875.711.613</u>
Skammtímaskuldir		
Staðgreiðsla skatta	6.214.239	1.974.855
Iðgjöld lífeyrissjóða	5.339.790	2.044.085
Skuld við vörsluaðila	<u>5.807.974</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>17.362.003</u>	<u>4.018.940</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>899.447.715</u>	<u>879.730.553</u>



**VINNUMÁLA
STOFNUN**

**Hafnarhúsi við Tryggvagötu • Sími 511 2500 • Fax 511 2520
www.vinnumalastofnun.is**